



## Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar

Fimmtudaginn 11. september 2014, var fundur haldinn í atvinnu og ferðamálanefnd Skagastrandar kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Gunnar Halldórsson, Árný Gísladóttir, Kristín Birna Guðmundsdóttir, Kristín Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Halldór G. Ólafsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Kosning ritara

Formaður gerði tillögu um að Árný Gísladóttir verði ritari og var það samþykkt.

### 2. Erindisbréf nefnda / siðareglur

Fyrir fundinum lágu erindisbréf nefndarinnar og siðareglur sem sveitarstjórn hafði samþykkt. Nefndarmenn undirrituðu siðareglurnar.

### 3. Atvinnuþróunarsjóður

Formaður greindi frá tilurð og atvinnuþróunarsjóðs og þeim hugmyndum sem að baki stofnunar hans liggja. Hann lagði einnig fram matsblað vegna þeirra umsókna sem kunnir að berast verði auglýst eftir styrkjum úr sjóðnum. Nefndarmenn ræddu úthlutunarreglurnar og matsblaðið. Í umræðunni kom fram að rétt sé að stofna valnefnd sem gæfi álit á umsóknum. Nefndin var sammála um að leitað verði eftir því við SSNV að atvinnuráðgjafar svæðisins taki að sér hlutverk valnefndar sem skili álit til sveitarstjórnar en atvinnu- og ferðamálanefnd fái umsóknir til umsagnar. Við yfirferð á matsblaði var það álit nefndarinnar að gera þurfi það ákvæði við matsblað að liður 2, samfélagsleg áhrif, þurfi að ná lágmarksskori 20 til að umsókn verði tekin til greina.

Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að lagðar verði 3 milljónir í atvinnuþróunarsjóð á þessu ári og auglýst verði eftir umsóknum í október.



#### 4. Önnur mál

- a. Umræður urðu um útgáfu gönguleiðabæklinga. Nefndin samþykkti að beina því til sveitarstjórnar að við gerð fjárhagsáætlunar 2015 verði gert ráð fyrir að gönguleiðabæklingar verði endurútgefnir á þremur tungumálum og settir saman í einn bækling.
- b. Umræður urðu um tjaldsvæðið og var lögð áhersla á að komið verði upp sturtuaðstöðu á tjaldsvæðinu til að gera góða þjónustu þar enn betri.
- c. Umræður urðu um auglýsingu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrki til uppbyggingar á ferðamannastöðum árið 2015. Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna möguleika á umsókn í sjóðinn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.25

Halldór G. Ólafsson

Gunnar Halldórsson,

Árný Gísladóttir

Kristín Birna Guðmundsdóttir

Kristín Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson